




Klifur í Nereidum Montes

Margar af þessum sandöldum sitja á bröttum hlíðum. Hlíðarnar halla í suðurátt en öldurnar vaxa upp á við til norðurs, sem sést af því að varhliðar þeirra liggja í norðurátt. „Klifuröldur“ eins og þessar hafa fundist víðar á Mars, til að mynda í Valles Marineris, en í þessu tilviki bera þær merki um tiltölulega sterka sunnanvinda.